

2. gr.

17

Stofnfje sjóðsins er 10.000 krónur. Stofnfjeð má ekki skerða, nje heldur það, sem gefið kynni að verða sjóðnum til aukningar. Sjóðinn skal ávaxta eftir sömu reglum og fje ófjárráðra.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið til styrktar gömlum, fátækum sjómönnum. Að öðru jöfnu skulu þeir sjómenn ganga fyrir, er sýnt hafa sjerstakt hugrekki eða dugnað, svo sem við björgun manna úr sjávarháska.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands veitir sjóðnum forstöðu, og birtir í Stjórnartíðindunum nöfn þeirra, sem notið hafa styrks úr honum; enn fremur skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Stjórnartíðindunum.

Umsóknir um að verða teknir til greina við úthlutun styrksins skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu fyrir 1. apríl ár hvert, og honum úthlutað 1. júlí, í fyrsta sinn 1922.

Reglugjörð

18

15. mars

um mælingar kauptúna og sjávarþorpa.

1. gr.

Mælingarnar.

Mælingar skulu fullnægja öllum venjulegum kröfum til nákvæmni, sem gerðar eru til fullkominna þríhyrninga- og marghyrningamælinga. Fastir mælipunktar herforingjaráðsins danska skulu notaðir sem þríhyrningapunktar, þar sem þeir eru svo nærri, að þess er kostur.

Allir þríhyrningapunktar svo og þeir marghyrningapunktar, sem mælingamaður telur miklu varða, skulu merktir með vanalegum merkjum, og skulu þeim valdir hentugir staðir, þar sem síst er hætt við að merkin raskist.

Þríhyrningapunktar merktir með tilhöggnum eða steypum steini, 100 cm. háum, 25 cm. breiðum á hvorn veg að ofan, en 40 cm. að neðan, sem festist tryggilega í jörðu niður fyrir þar, sem frost nær. Ofan á steininn er festur stokkur úr jární um 10 cm. á dýpt með loki yfir, en ofan í steininn miðjan

18 skal vera sívöl hola um 35mm. á vídd, en 15 cm. á dýpt, til þess að stinga í 15. mars mælistöng.

Aðrir mælipunktur, sem talið er að miklu varði, merkist með 35 mm. víðri járnþípu, sem rekin er í jörð minnst 1 meter. Þípuna skal fylla með sementssteypu nema efstu 15 cm. Ópið á þípunni skal vera aðeins undir yfirborði og skal haft fyrir því lok, að pípan ekki fyllist mold eða öðru efni.

Fyrirmyndaruppdrátt að merkjum mun skipulagsnefnd láta í tje, og einnig annast um, að fáanlegur sje allur sjerstakur útbúnaður til þeirra.

2. gr.

Gerð uppdráttar.

a. Mælikvarði uppdráttar skal vera 1 : 500 eða 1 : 1000. Fer þar um eftir samkomulagi hlutaðeigandi bæjar eða hreppstjórnar og skipulagsnefndar. Á sama hátt má ákveða, að uppdráttur þjettbýlli bæjahverfa verði gerður með mælikvarða 1 : 500, en útjaðra með 1 : 1000. Náist ekki samkomulag sker stjórnarráðið úr.

Uppdrættir skulu miðaðir við rjettar áttir, þannig að norður sje beint upp á hverju blaði og austur til hægri. Allir uppdrættir skulu gerðir á jafnstór blöð, sem skipulagsnefnd annast um að verði fáanleg. Skulu uppdrættirnir vera 80×60 cm. að stærð, en blöðin sem næst 100×75 cm.

b. Á uppdrættina skulu markaðar, samkvæmt sjerstakri fyrirmynd, er skipulagsnefnd lætur í tje, allar byggingar, öll lóðamörk, vegir og götur ásamt gangstjettum, bryggjur og bólvirki, vatnsból, vatnsveitur neðanjarðar og frárenslispípur, opin ræsi sem nokkru varða og síma og rafmagnsleiðslur. Ennfremur jarðvegur, ræktað land og óræktað.

Áður en mælt er, skal þess gætt, að fá lóðamörk ákveðin rjett allstaðar þar sem þess er kostur.

3. gr.

Hæðarmælingar og uppdráttur af þeim.

Eftir frumuppdráttum skal gera heildaruppdrátt af hverju kaaptúni og sjávarþorpi með mælikvarða 1:2000. Skal þar sýna mishæðir á landi með hæðarlínunum frá meðalsjávarmáli.

Fer um bil milli hæðarlína eftir halla landsins, þannig:

Þar sem halli landsins er:

1:1	til	1:10	skal	bilið	vera	5	m.
1:10	til	1:25	—	—	—	1	—
1:25	til	1:50	—	—	—	50	cm.
minni	en	1:50	—	—	—	20	—

Þó er heimilt að gera bilin stærri, þar sem um lítt byggilegt svæði er að ræða eða þar sem litlar líkur eru, að svo nákvæm mæling sje nauðsynleg.

Með 2—500 metra bili, eftir þjettbýli, stýst þar sem þjettbýlast er, skal mæla með 1 cm. nákvæmni hæðapunkta, og merkja hvern stað með bolta úr steypujárni. Boltann skal festa vandlega með sementi lárjett inn í steyptan húsgrunn eða annan jarðfastan stað, þar sem örugt þykir að merkið muni geymast, þannig, að um 5 cm. standi út. Skipulagsnefnd mun annast um, að slíkir merkjaboltar fáist. 18
15. mars

4. gr.

Skrár og lýsingar.

Frumbækur mælingamanns skulu fylgja uppdráttunum, ennfremur skrár yfir götur og lóðir. Skal götum raðað eftir stafrófsröð, en lóðir allar skulu tölusettar og tilgreindur eigandi.

Einnig skal fylgja skrifleg lýsing af bæjarstæðinu. Skal þar gerð grein fyrir að því leyti, sem ekki er sýnt á uppdrættinum:

1. Hæð grunnvatnsins, þar sem það stendur svo hátt, að hætta sje á að það leiti í kjallara.
2. Tegund jarðvegs, skal sjerstaklega þess getið, ef djúpt er á fastan botn.
3. Vatnsból og vatnsveita.
4. Fráræsla.
5. Hvar kann að vera hætta búin af ágangi vatns, sjávar eða snjóflóða.
6. Öðru því, er snertir ástand, skipulag og atvinnurekstur bæjarins.
7. Skrá yfir fasta hæðapunkta.

Frumuppdrættir allir skulu sendir skipulagsnefnd, sem annast um margföldun þeirra eftir þörfum og breytingar til minni mælikvarða.

5. gr.

Reglugjörð þessi gildir fyrst um sinn ekki fyrir Reykjavík.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, og er hjermeð birt til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. mars 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.